

**Sp.**

## **211. Tillaga til þingsályktunar**

um að gera Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu laxgenga ofan við rafstöðina hjá Brúum.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu laxgenga frá Brúum og upp að Mývatni með tvenns konar aðgerðum:

1. Að fá hingað til lands enskan kunnáttumann til að segja fyrir um, hvernig gera megi fossana í Laxá hjá Brúum genga fyrir lax.
2. Að láta gera fullkominn laxaveg fram hjá fossunum við rafstöðina hjá Brúum og láta þann kostnað teljast með gjöldum við framhaldsvirkjun á þessum stað, en láta falla niður af hálfu ríkisins leigu fyrir notkun vatnsaflsins við orkuframleiðslu.

### **Greinargerð.**

Laxá í Þingeyjarsýslu er fegursta vatnsfall hér á landi og þó að víðar sé leitað. Hún er laxgeng hálf leið frá sjó og upp að Mývatni. En í gljúfrum ofan við Grenj-aðarstað eru fossar og strengir á allöngu svæði, og þar stöðvast laxagöngurnar. En í þessum gljúfrum er rafstöð sú, sem Akureyri hefur byggt. eru þar bezt skilyrði til orkuvinnslu á öllu Norðurlandi, og má gera ráð fyrir, að þar verði, áður en langt um líður, fullvirkjuð 35—40 þús. hestöfl og orkan leidd um báðar Þingeyjarsýslur, Eyjafjörð og Skagafjörð. Ríkið á vatnsaflíð í Laxárfossunum, en mun ekki hafa krafizt leigu frá Akureyrarbæ að svo komnu. Er hér lagt til, að ríkið falli frá leigu fyrir orkuréttindi þessi, en láti í þess stað koma þá kvöð á virkjunina, að hún geri fossana laxgenga. Myndast þá ca. 20 km langt laxveiðisvæði frá Brúum að Mývatni eftir endilöngum Laxárdal. Er það mál manna, sem til þekkja, að slík aðstaða til laxveiða muni vera sjaldgæf í allri Evrópu. Fer þar saman fegurð og ró sveitarinnar og ágæti árinna, sem fellur þar stall af stalli í hvítlyssandi strengjum. Þegar efri hluti Laxár yrði orðinn laxgengur, mætti telja, að þjóðarauðurinn hefði vaxið svo, að nema mundi milljónum króna.

Laxavegur sá, sem gera má í Brúagljúfri, mun vera um einn km á lengd. Þegar Akureyri hóf virkjun í Laxá, var stigi gerður í stíflugarðinn. Auk þess hét Akureyrarbær þá að sprengja á sinn kostnað rennu gegnum klappirnar fram hjá stöðvarhúsunum. Þar fyrir ofan er alllangur kaflur, þar sem laxavegurinn er svo að segja sjálfgerður. En upp undir stíflugarðinum er gilið þröngt, og þarf allmiklu til að kosta fyrir laxavegin. Hér á landi er enginn eiginlegur kunnáttumaður um laxastigagerð, þar sem erfið er aðstaða. Englendingar hafa gert laxveiði í ám að íþrótt og hafa í þeim efnum mesta reynslu. Frægur enskur kunnáttumaður hafði fyrir nokkrum árum forsögn um laxastiga í Fnjóská skammt frá Laufási. eru nokkrar líkur til, að fá mætti hingað þennan mann til forstöðu við opnun Laxár í Þingeyjarsýslu, því að hann er nokkuð kunnugur hér á landi og hefur áhuga fyrir slíkum málum.

Fyrir nokkru kom til orða, að ríkið keypti góða laxá á Suðurlandi og fylgdi hún með í risnu ríkisvaldsins, einkum þegar boðið væri heim merkum mönnum, sem forseti, Alþingi, ríkisstjórn og bankar og fleiri almannastofnanir teldu ástæðu til að sýna sérstakan sóma. Ég legg til, að þegar horfið verður að þessu ráði, tryggji ríkið sér til áður nefndra þarfa laxveiðiaðstöðu við Laxá ofan Brúa og að landið eigi þar 2—3 heppilega veiðimannaskála. Skipulag yrði haft á klaki og veiði, þannig að bændur í Laxárdal og ríkið hefðu sameiginlegan hagnað af þessari framkvæmd. Þarf ekki að efa, að áin mundi með þessum hætti verða arðgæf bændum í Laxárdal. Þó mundi hagnaður ríkisvaldsins verða miklu meiri, ef rétt er á haldið, því að nokkurra daga dvöl við veiðar í Laxá mundi í augum margra erlendra gesta þykja sjaldgæft velvildarmerki frá hálfu íslenskra stjórnarvalda, og ætti að nota þau náttúrugæði til að verðlauna þá gesti, sem á einn eða annan hátt hefðu gert þjóðinni greiða.